



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Þriðjudaginn 16. september 2014 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 17.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Sigríður Gestsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Pröstur Línadal og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning ritara

Formaður gerði tillögu um að Sigríður Gestsdóttir verði ritari. Samþykkt.

1. Erindisbréf nefnda / siðareglur

Fyrir fundinum lágu erindisbréf nefndarinnar og siðareglur sem sveitarstjórn hafði samþykkt. Nefndarmenn undirrituðu siðareglurnar.

2. Höfnin:

a. Miðgarður framkvæmdir og kostnaður

Fyrir fundinum lá samantekt kostnaðar við lengingu Miðgarðs skipt niður á helstu verkþætti framkvæmdarinnar. Heildarkostnaður við verkið á árinu er orðinn 37,7 milljónir en áætlaður heildarkostnaður er um 69 milljónir. Inni í þeirri tölu er löndunarkrani, lýsing, malbikun og frágangur en hluti þess kostnaðar var ekki í upphaflegri áætlun. Ríkishluti í byggingu bryggjunnar er 40%.

b. Dráttarbraut viðgerð

Fyrir fundinum lá skýrsla um viðgerð á dráttarbrautinni sem Kristján Helgason og Ingvar G. Sigurðsson höfðu gert þegar viðgerð var lokið. Heildarkostnaður við viðgerðir án vsk. voru 8,9 milljónir

c. Viðhaldsdýpkun hafnarinnar

Formaður greindi frá aðdraganda þess að umræður um viðhaldsdýpkun hafnarinnar var tekin upp við siglingasvið Vegagerðarinnar. Fyrir fundinum lá einnig tölvubréf Jóhanns Sigurðssonar tæknifræðings hjá Vegagerðinni þar sem dýpkunin er kostnaðarmetinn og jafnframt dýpkunarplan. Fram kom að samráð hafi verið haft við skipstjórnamenn á Arnari HU 1 við mat á dýpkunarþörfinni. Samþykkt að óska eftir að siglingasvið Vegagerðarinnar að annast samninga um dýpkunina.

d. Umhverfismál hafnarinnar

Fyrir fundinum lá tillaga Steindórs R. Haraldssonar og Ingu Rósar Sævarsdóttur sem var lögð fram á fundi sveitarstjórnar 12. september sl. um umhverfismál



hafnarinnar og var vísað til umfjöllunar nefndarinnar. Í tillögu sinni fjalla þau um úrbætur á umhverfisþáttu hafnarinnar og almennt viðhald hafnarmannvirkja.

Tillögurnar greinast í eftirfarandi verkswæði:

a. Bryggjurnar og húseignir á þeim.

1. Málun Ketilhúss.
2. Málun skúranna undir Spákonufellsey.
3. Málun bryggjukanta
4. Tiltekt og hreinsun á hafnarvæðinu

b. Skúffugarðurinn:

1. Uppröðun á ýmsu sem þar er geymt og fjarlægja það sem ónýtt er.
2. Málun geymslugáma.

c. Slippurinn:

Hreinsun og tiltekt – gámur fjarlægður.

d.-Viðlegukantar

Dekk verði sett upp á alla þá staði þar sem þau vantar.

Sveitarsjóra var falið að ganga í að úrbætur verði gerðar á framangreindum atriðum.

4. Skipulagsmál:

Melstaðatún - deiliskipulag

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi Melstaðatúns sem hefur verið auglýst og auglýsingartíma lokið. Borist höfðu athugasemdir við frá eftirtöldum:

Grétu Jónsdóttur f.h. eigenda Laufáss sem mótmælir skerðingur lóðar við Laufás I og II.

Vegagerðarinnar sem mótmælir því að tengingum við 7420 Ásholtsveg verði fjölgað með vísan til veghönnunarreglna.

Afgreiðslu deiliskipulags og athugasemda frestað en sveitarstjóra falið að gera tillögu að afgreiðslu á fram komnum athugasemdum fyrir næsta fund hafnar- og skipulagsnefndar.

5. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.45

